



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

4. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 7. júní 2024
kl. 11.00 - 13.00 haldinn í Borgartúni 27, 2 hæð og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson.
Á Teams: Guðný Björk Eydal, Hermína Gunnþórsdóttir og Þóroddur Bjarnason.
Gestir fundarins: Gylfi Magnússon, Kolbrún Halldórsdóttir og Vilhjálmur Hilmarsson á Teams.
Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjaramál og kröfur félagsins.
2. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 11.00.

1. Kjaramál og kröfur félagsins.

Sigrún bauð Gylfa Magnússon prófessor, Kolbrúnu Halldórsdóttur formann BHM og Vilhjálmu Hilmarsson hagfræðing BHM velkomin á fundinn.

Gylfi ræddi þær breytingar sem gerðar voru á lífeyrissjóðskerfinu árið 2016 sem tóku gildi 2017 og jöfnum launa á milli markaða sem átti að vinna að í áföngum í kjölfar samkomulagsins sbr. umræðu á síðasta fundi (s.k. 7. gr. vinnan). Minnt var á að FPR skrifaði ekki undir samkomulagið á sínum tíma. Áður vann fólk sér inn lífeyrissjóðsréttindi með jafnri ávinnslu en í dag er hún aldurstengd fyrir utan þá einstaklinga sem komu inn í kerfið fyrir ákveðinn tíma. Sú breyting kemur sérstaklega illa fyrir yngra fólk. Auk þess voru réttindin færð niður til að rétta lífeyrissjóðinn af og lífeyrisþegar borga brúsann.

Þá var umræða um kaupmáttarstöðnum hjá prófessorum í um áratug sem þarf að leiðrétta meðal annars með hliðsjón af ofangreindum breytingum á lífeyrissjóðskerfinu.

Gylfi fór kl. 11.40.

Áfram var rætt um skert lífeyrisréttindi án þess að neitt hafi komið í staðinn. Hafa ber í huga að 7. greinar samkomulagið fjallar um að jafna kjör opinberra starfsmanna og almenna markaðarins, annars vegar með breytingum á lífeyrissjóðskerfinu sem búið er að gera en hins vegar átti líka að jafna launin á milli þeirra. Sú vinna gengur hægt og verið er að breyta forsendum samkomulagsins á ýmsan hátt sem margir eru ósáttir við þar sem

meira er fjallað um að jafna laun á milli fólks innan opinbera kerfisins en á milli markaða eins og samkomulagið segir til um og lítið fjármagn fylgir með.

Þá var umræða um kröfugerð félagsins og samanburð við aðra hópa með langskólanám að baki.

Kolbrún og Vilhjálmur fóru kl. 11.58.

Ólafur Páll sagði frá sameiginlegum fundi SNR og 13 aðildarfélaganna BHM þann 4. júní sl. Á fundinum var meðal annars rætt um virkan vinnutíma, ferðir á vegum vinnunnar, orlof og greiðslur ef fólk hefur ekki fullnýtt þá daga sem það á inni ásamt greiðslum fyrir snjalltæki og fleira. Umræða um launakröfur var ekki tekin fyrir né að menntun verði metin til launa eins og doktorspróf eða framgangsmál. Þau mál snúa meira að hagsmunum FPR, FH og FPR og því mikilvægt að félögin þrjú koma fram með sameiginlega kröfugerð.

Farið var yfir kröfugerð félaganna þriggja með ofangreint í huga. Kröfugerðinni verði mögulega skipt upp, annars vegar fyrir akademískt starfsfólk og hinsvegar fyrir stjórnsýsluna.

2. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.30.

Fundarritari: LP.